



Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi



Samtök
iðnaðarins



Samtök
verslunar og
þjónustu

Reykjavík, 23. febrúar 2021

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík
uar@uar.is

Efni: Umsögn um drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021–2032

Hinn 12. janúar 2021 birti umhverfis- og auðlindaráðuneytið drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is. Stefnudrögin hafa verið yfirfarin á vettvangi Samtaka atvinnulífsins, SAF – Samtaka ferðapjónustunnar, Samtaka iðnaðarins, SFS – Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og SVP – Samtaka verslunar og þjónustu (hér eftir sameiginlega nefnd *samtökin*). Ástæða þykir til að koma nokkrum athugasemdum og ábendingum á framfæri.

Hlutverk leikenda

Grundvöll stefnudraganna má finna í 5. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Í 2. másl. 1. mgr. lagagreinarinnar segir:

Í stefnunni skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála í landinu, hlutverk stjórnvalda og einkaaðila við meðhöndlun úrgangs og stefnu til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun.

Í sérstökum athugasemdum við 5 gr. frumvarps sem varð að lögum nr. 63/2014, sem breyttu lögum nr. 55/2003, segir m.a.:

Í frumvarpi þessu er ekki lagt til að kveðið verði á um form stefnunnar með nákvæmum hætti. Ekki þykir rétt að lögfesta form hennar enda getur það verið mismunandi á hverjum tíma. Almenn er gengið út frá því að stefna ráðherra verði stutt og hnitmiðað skjal þar sem fram komi almenn stefna í málaflokknum og þau markmið sem stefnt skuli að. Með þessari stefnu mun fylgja greinargerð eða viðauki með upplýsingum um stöðu úrgangsmála í landinu og hlutverk stjórnvalda og einkaaðila við meðhöndlun úrgangs.

Greinin er sett til innleiðingar á 29. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

Í 8a gr. tilskipunar 2008/98/EB, sbr. 9. tölul. 1. gr. tilskipunar 2018/851/ESB, eru settar fram lágmarkskröfur til framlengdrar framleiðendaábyrgðar. Í a-lið 1. mgr. greinarinnar er beinlínis kveðið á um lágmarkskröfur til slíkra kerfa með eftirfarandi hætti (á ensku):

Where extended producer responsibility schemes are established in accordance with Article 8(1), including pursuant to other legislative acts of the Union, Member States shall [...] define in a clear way the roles and responsibilities of all relevant actors involved, including producers of products placing products on the market of the Member State, organisations implementing extended producer responsibility obligations on their behalf, private or public waste operators, local authorities and, where appropriate, re-use and preparing for re-use operators and social economy enterprises;

Fjallað er um ábyrgð framleiðenda og innflytjenda á nokkrum stöðum í stefnudrögunum. Á bls. 16 er vísað til þess að í umfjöllun um hlutverk aðila í málaflokkun verði lögð áhersla á hlutverk sveitarstjórna og á framleiðendaábyrgð. Helstu umfjöllunina um ábyrgðina er að finna á bls.

24–26 (kafla 3.2.2) þar sem tekið er fram að framleiðendaábyrgð verði útfærð með úrvinnslugjaldi. Þer umfjöllunin þess merki að hlutverk framleiðenda og innflytjenda verði fólgið í greiðslu úrvinnslugjalds sem gera má ráð fyrir að verði lagt á fleiri vörur en áður og muni hækka að einhverju marki, sjá t.d. umfjöllun á bls. 56 (kafla 3.4.2), umfjöllun á bls. 60 (kafla 3.4.5), í töflu 2 á bls. 62, umfjöllun á bls. 63, og umfjöllun um aðgerð 17 á bls. 67. Umfjöllun um hlutverk og ábyrgð sveitarfélaga er hins vegar mun viðameiri eins og reyndar er lagt upp með á bls. 16. Á þeirri blaðsíðu má segja að umfjöllunin í drögunum sé í raun afmörkuð þannig að lögð sé áhersla á hlutverk sveitarstjóra og framlengda framleiðendaábyrgð. Þó er tekið fram að gerð sé atlaða að því að skýra hvar ábyrgð liggur þegar að tölulegum markmiðum kemur.

Að mati samtakanna líða drögin fyrir framangreinda áhersluafmörkun. Ekki verður betur séð en að rík umfjöllun um hlutverk sveitarstjórna helgist m.a. af því að þeim hefur þótt lagalegar skyldur ekki nægilega ljósar. Að öðru leyti virðist umfjöllunin m.a. snerta á skyldum, þ. á m. áætlanagerð. Umfjöllun um hlutverk framleiðenda og innflytjenda er hins vegar afmörkuð við framlengda framleiðendaábyrgð, þ.e. greiðslu kostnaðar vegna úrgangsförvarna og meðhöndlunar úrgangs. Hafa þer í huga að hlutverk sveitarfélaga er skilgreint í nokkuð ríkum mæli í ákvæðum laga nr. 55/2003 enda hvíla á þeim ríkar skyldur. Hlutverk atvinnurekenda er hins vegar skilgreint með mun afmarkaðri hætti. Rétt er að benda á eftirfarandi orð á bls. 53:

Eins og áður hefur komið fram er mikilvægt að ábyrgðarskipting í málaflökknum sé eins skýr og kostur er.

Ástæða er til að benda á að framleiðendaábyrgð er ríkari en svo að í henni felist aðeins ábyrgð til að greiða reikninga vegna verka sem aðrir vinna. Með íslenskri löggjöf er framleiðendaábyrgð að meginstefnu framseld til Úrvinnslusjóðs. Hlutverk sjóðsins er skilgreint í 15. gr. laga nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, en umsýsla og ráðstöfun tekna af slíku gjaldi er í höndum sjóðsins. Tekjunum þer sjóðnum að ráðstafa í þeim tilgangi að koma upp og viðhalda skilvirku fyrirkomulagi úrvinnslu úrgangs. Sérstaklega er áréttað í 2. málsl. 2. mgr. lagagreinarinnar að Úrvinnslusjóður skuli leitast við að skapa sem hagkvæmust skilyrði til úrvinnslu úrgangs í því verkefni að ná tilteknum úrvinnslumarkmiðum. Í skýringum við 15. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 162/2002 er áréttað að gert sé ráð fyrir að ávallt verði reynt að finna hagkvæmustu lausnina fyrir úrvinnslu úrgangs þannig að fjárhæð úrvinnslugjalds sé haldið í lágmarki. Í þessu samhengi verður m.a. að horfa til lágmarkskrafna c-liðar 4. tölul. 8a gr. tilskipunar 2008/98/EB, sbr. 9. tölul. 1. gr. tilskipunar 2018/851/ESB, þar sem eftirfarandi krafa er sett fram:

Member States shall take the necessary measures to ensure that the financial contributions paid by the producer of the product to comply with its extended producer responsibility obligations [...] do not exceed the costs that are necessary to provide waste management services in a cost-efficient way. Such costs shall be established in a transparent way between the actors concerned.

Það er í höndum Úrvinnslusjóðs að gæta að framangreindu og m.a. af þeim sökum hafa fulltrúar atvinnurekenda átt meiri hluta í stjórn Úrvinnslusjóðs. Er þannig tryggð ákveðin valdtemprun innan sjóðsins þar sem allir helstu aðilar hafa aðkomu, ríkið, sveitarfélögin og atvinnurekendur. Ríkið leggur kvaðir á herðar sveitarfélaga og atvinnurekenda og hinum síðarnefndu þer að fjármagna framkvæmd þeirra í ýmsu tilliti. Það er að sjálfsgöðu til mikils að vinna að starfsemi Úrvinnslusjóðs sé skilvirk og hagkvæm þegar að úrvinnslumarkmiðum kemur. Eftir því sem hlutverk framangreindra aðila eru skýrar skilgreind verða viðfangsefni



Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi



Samtök
iðnaðarins



Samtök
verslunar og
þjónustu

Úrvinnslusjóðs einfaldari. Öðrum kosti skapast hættu á tímafrekum ágreiningi um verkefni og stöðu sjóðsins og fjármögnun viðfangsefnanna.

Það er í framangreindu ljósi, og þá ekki síst í ljósi alþjóðlegra skuldbindinga, sem samtökin telja umfjöllun um hlutverk og ábyrgð í umfjöllunum um hlutverk helstu leikenda í skýrsludrögunum ekki vera nægjanlega. Kortleggja verður og skilgreina betur en gert er í drögunum hvaða hlutverki þeir eiga að gegna og taka m.a. fram að hlutverki framleiðenda og innflytjenda sé ekki lokið þegar þeir hafa greitt úrvinnslugjald heldur beinlínis að þeir hafi aðkomu að ákvörðunum annars vegar um ráðstöfun tekna af úrvinnslugjaldi og hins vegar tillögugerð um fjárhæðir slíks gjalds.

Úrvinnslugjald er óbeinn skattur sem endanlega er borinn af kaupendum vöru á síðasta stigi viðskipta. Því er umfjöllun um framleiðendaábyrgð að ákveðnu leyti villandi enda bera framleiðendur og innflytjendur í raun ekki kostnað af úrvinnslu úrgangs þegar upp er staðið. Því má segja að ákvarðanir á vettvangi Úrvinnslusjóðs varði ávallt almannahagsmunum. Vart þarf t.d. að taka fram að skattabreytingar koma fram í vísitölu neyslulúverðs. Hagsmunir atvinnurekenda og neytenda fara hins vegar alfarið saman þegar að gjaldinu kemur þar sem há gjöld koma niður á samkeppnishæfni atvinnurekenda og kaupmætti neytenda. Verður því að ætla að almannahagsmunir krefjist þess að hlutverk atvinnurekenda, sveitarfélaga og ríkisins, á vettvangi Úrvinnslusjóðs, sé skýrt.

Að mati samtakanna ríkir ákveðið tómlæti í umfjölluninni í fyrirliggjandi stefnudrögum hvað varðar innlenda starfsemi í virðisbætur meðhöndlunar úrgangs. Eins og fram hefur komið er áherslan lögð á umfjöllun um hlutverk sveitarfélaga og framleiðendaábyrgð. Ekki er hins vegar fjallað um hlutverk annarra aðila við meðhöndlun úrgangs svo nokkru nemi, t.d. hvað varðar meðhöndlun plasts og brotamálms svo fáein dæmi séu tekin. Í fjarveru umfjöllunar um svo mikilvæga hlekk í virðisbæturinni er hægt að draga þá ályktun að hér á landi sé ekki til staðar úrvinnsla á slíkum úrgangi. Að mati samtakanna er afar mikilvægt að vel sé haldið til haga umfjöllun um hirlenda starfsemi í stefnunni og ekki síður annarri vinnu opinberra aðila á sviði úrgangsmála. Samtökin skora á ráðuneytið að bæta umfjöllunina með framangreint í huga.

Er hér í lokin rétt að áréttu að afstaða samtakana er sú að hlutverk leikenda á vettvangi úrgangsmála þurfi að skilgreina og skýra mun betur en gert hefur verið í stefnudrögunum. Er þá ekki síst litið til þeirra orða sem koma fram á bls. 11 að líta beri á úrgangsstefnu ráðherra sem lykilgagn við innleiðingu hringrásarhagkerfisins.

Verður nú vikið að einstökum aðgerðum sem eru tilgreindar í stefnudrögunum og eftir atvikum öðrum umfjöllunaratriðum.

Heildarstefna í úrgangsmálum

Á bls. 13 er tekið fram að stefnudrögin verði heildarstefna í úrgangsmálum og ráðherra muni skipa stýrihóp ríkis, sveitarfélaga, atvinnulífs, frjálsra félagasamtaka og annarra mögulegra haghafa sem fær m.a. það hlutverk að fylgja eftir framkvæmd stefnunnar og beita sér fyrir því að aðgerðum miði áfram.

Rétt er að taka fram að í 2. kafla er gert ráð fyrir að fyrirliggjandi stefna um úrgangsforvarnir 2016–2027 verði hluti af heildarstefnunni. Tímans vegna hefur samtökunum ekki gefist færi á að gaumgæfa heildarstefnuna með fyrirliggjandi stefnu til hliðsjónar.



Rétt er að fagna áformum ráðherra um myndun stýrihóps um heildarstefnuna. Samtökin fara þó fram á að þess verði gætt að aðkoma fulltrúa atvinnulífsins í stýrihópnum verði nægileg til að endurspeglar annars vegar mikilvægt hlutverk framleiðenda og innflytjenda og hins vegar þá reynslu sem atvinnulífið býr yfir, m.a. hvað varðar tækniþróun og möguleika til innleiðingar hennar og breytingar á ýmiskonar verklagi og aðferðum.

Meginmarkmið

Á bls. 16 er fjallað um meginmarkmið stefnudraganna, þ.e. samdrátt losunar og sjálfbæra auðlindanýtingu.

Framangreind markmið eru jákvæð og umfjöllun um þau með ágætum. Hins vegar er þess saknað að fjallað sé um markmiðin frá efnahagslegu sjónarmiði. Eins og áður hefur komið fram er skilvirkni og hagkvæmni meðal þeirra markmiða sem aðildarríkjum EES-svæðisins ber að gæta við innleiðingu framleiðendaábyrgðar og þ.a.l. úrvinnslu úrgangs. Þar eru almannahagsmunir undir. Því verður að tengja markmið um skilvirkni og hagkvæmni við meginmarkmið stefnunnar.

Svæðisáætlun sem stjórnþæki

Á bls. 20 er m.a. fjallað um svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem stjórnþæki sveitarfélaga þegar kemur að meðhöndlun úrgangs. Í ýmsu tilliti er gert ráð fyrir að þar eigi að koma fram upplýsingar um aðgerðir og úrgangsförvarnir.

Af stefnudrögunum leiðir að framleiðendaábyrgð mun í ýmsu tilliti aukast. Samtökin telja með vísan til fyrri umfjöllunar afar brýnt að hlutverk og skyldur sveitarfélaga verði svo skýrt skilgreindar að við gerð svæðisáætlunar muni ekki skapast vafi um hvernig aðgerðir verða fjármagnaðar. Öðrum kosti er hætt við að rof verði milli væntinga sveitarfélaga eins og þær birtast í áætlunum og skyldu Úrvinnslusjóðs til fjármögnunar.

Úrgangur sem fellur til í landbúnaði

Á bls. 23 er stuttlega vikið að úrgangi frá landbúnaði sem rekstrarúrgangi.

Hér á landi hefur pólitísk ákvörðun verið tekin um að fella ábyrgð á heyrúlluplasti sem úrgangi undir framleiðendaábyrgð. Af umfjöllun á erlendum vettvangi verður hins vegar ekki betur séð en að horft sé á plastúrgang frá landbúnaði í víðara samhengi. Engar skyldur hvíla enn sem komið er á EES-ríkjunum til að innleiða framleiðendaábyrgð á þessum úrgangi.

Að mati samtakanna er e.t.v. við hæfi að umræða hefjist um hvort og að hvaða leyti það kunnir að vera fýsilegt að skilgreina nákvæmar rekstrarúrgang frá landbúnaði en gert er í drögunum. Í ýmsu tilliti, m.a. vegna staðháttanna í landbúnaði, ætti að vera fremur einfalt að sérgreina slíkan úrgang.

Fjármögnun fræðslu

Á bls. 25 kemur fram að tilskipun 2019/904/ESB geri kröfu um ríkari fjármögnun fræðslu og upplýsingagjafar til notenda plastvara.

Í [umsögn](#) samtakanna um drög að breytingu á lögum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis var sú afstaða látin í ljós að nauðsynlegt væri að afmarka kostnaðarliði sem fjármagna ber



skýrar en nú er gert til dæmis með því að skylda Úrvinnslusjóð til setja fram árlega fræðsluáætlun, þar sem fjármögnun er skilgreind, sem þurfi að hljóta samþykki stjórnar sjóðsins.

Framangreind krafa endurspeglar þá þörf sem er á skýrgreiningu hlutverka leikenda þegar kemur að meðferð úrgangs. Auðsætt er að fræðsla verður að taka mið af þörfinni á hverjum tíma og því er eðlilegt að svigrúm til ákvörðunar áherslna og umfangs sé til staðar.

Umfang heimilisúrgangs

Af umfjöllun um ráðstöfun úrgangs á Íslandi á bls. 32–34 leiðir að meðferð heimilisúrgangs er stærsta áskorunin framundan. Staðan kallar á töluverðar umbætur sem endurspeglast í stefnudrögunum. Sérstök söfnun, samræmdar merkingar og nálægð söfnunar við heimili fá því ríka áherslu.

Samtökin telja ljóst að eðli heimilisúrgangs ráðist af viðleitni borgaranna til flokkunar og því er því fagnað að skylda til flokkunar verði lögfest. Framkvæmd sérstakrar söfnunar verður í höndum sveitarfélaga. Samtökin lýsa verulegum áhyggjum af óljósum forsendum vegna greiðsluþátttöku framleiðenda á grundvelli framlengdrar framleiðendaábyrgðar. Að óbreyttu munu sveitarfélög þurfa að taka ákvarðanir um fjármögnun í nokkurri blindni og hætta verður á ógagnsæi frá sjónarhóli framleiðenda og innflytjenda.

Afstaða samtakanna er að skilgreina þurfi hlutverk og ábyrgð sveitarfélaga og Úrvinnslusjóðs betur þegar kemur að aðgerðum sem snúa að heimilissorpi.

Umfjöllun um meðhöndlun á ökutækjum

Á bls. 46 er að finna umfjöllun um meðhöndlun úrsérgenginna ökutækja. Af umfjölluninni má m.a. ráða að árangursrík söfnun ökutækja sé árangri erlendra endurvinnslustöðva að þakka enda sérhæfi þær sig í endurvinnslu ökutækja.

Að mati samtakanna vekur þessi framsetning furðu enda er hvergi vikið að þætti hérlendra aðila í þessum árangri. Benda samtökin á að hér á landi starfa fyrirtæki við móttöku úrsérgenginna ökutækja sem búa yfir bæði tækjabúnaði og sérþekkingu á meðhöndlun þeirra. Hefur starfsemi þessara aðila mikið að segja þegar kemur að hérlendum árangri þegar að meðhöndluninni kemur. Skora samtökin á ráðuneytið að taka umfjöllun þessa til endurskoðunar að teknu tilliti til þátttöku innlendra aðila á þessu sviði.

Sérstök söfnun spilliefna

Á bls. 52 er að finna umfjöllun sem gefur til kynna að áformað sé að skylda sveitarfélög til sérstakrar söfnunar spilliefna sem má skilja þannig að slík söfnun muni eiga sér stað í nærumhverfi þeirra.

Samtökin hafa áður bent á að slík nærumhverfissöfnun gengur ekki upp í ljósi eiginleika efnanna.

Stuðningur við innlenda endurvinnslu



Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi



Samtök
iðnaðarins



Samtök
verslunar og
þjónustu

Á bls. 57 koma fram áform ráðherra til að nýta framlengda framleiðendaábyrgð til að styðja við endurvinnslu úrgangsflokka innanlands í samræmi við meginreglu ESB-réttar um nálægð meðhöndlunar úrgangs við uppsprettu hans.

Samtökin benda á að huga þarf vel að útfærslu þessa. Úrvinnslusjóður er ríkisstofnun og illu heilli hafa tekjur af úrvinnslugjaldi verið flokkaðar sem tekjur ríkissjóðs í ríkisreikningi. Af ákvæðum EES-samningsins leiðir m.a. að ríkisaðstoð er bönnuð nema að tilteknum skilyrðum uppfylltum, sjá kafla 3.5.2 í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orkumála (Aðstoð til að bæta meðhöndlun úrgangs).

Samtökin hvetja ráðuneytið til taka framangreint til sérstakrar skoðunar.

Urðunarskattur

Á bls. 59 eru tíunduð áform ríkisstjórnarinnar um upptöku urðunarskatts.

Samtökin hafa áður lýst furðu yfir því að áformað sé að leggja urðunarskatt á óvirkan úrgang, sjá bls. 65.

Í umfjölluninni kemur eftirfarandi m.a. fram:

Að kröfu sveitarfélaga hefur þessari aðgerð verið frestað, í ljósi efnahagsaðstæðna vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Ráðuneytið telur álagningu urðunarskatts mikilvæga aðgerð í úrgangsmálum og stefnir á að taka upp urðunarskatt árið 2022.

Samtökin leggja ríka áherslu á að urðunarskattur verði ekki tekinn upp fyrr en handhafar úrgangs hafi raunverulega kost á að skila flokkuðum úrgangi, í því skyni að komast hjá því að úrgangur verði sendur í urðun, í stað þess að greiða skattinn. Öðrum kosti mun sá efnahagslegi hvati sem útfæra á með urðunarskatti ekki verða virkur. Sýnt er að ef svo fer mun engin sátt ríkja um skattlagninguna. Aðildarfyrirtæki samtakanna hafa t.d. lengi verið verulega ósátt við að tekjur af kolefnisgjaldi hafi ekki endurspeglad fjárframlög hins opinbera til loftslagsmála. Ekkert tilefni er til að stefna að sambærilegri óánægju þegar kemur að úrgangsmálum.

Tímasetning gildistöku aðgerða

Af yfirliti á bls. 62 má sjá að gert er ráð fyrir að fjölmargar aðgerðir verði lögfestar á vorþingi 2021 og fái gildi 1. júlí nk.

Samtökin hafa áður goldið varhug við því að gildistakan sé of brött. Ef fram fer sem horfir mun mjög skammur tími líða frá því lagabreytingar verða samþykktar þar til aðgerðir eiga að koma til framkvæmda. Sveitarfélög, einstaklingar og atvinnurekendur þurfa að hafa nægilegan tíma til að bregðast við og breyta hegðun, framkvæmd og verkferlum. Þá munu sumar aðgerðirnar óhjákvæmilega kalla fram fjárfestingu, kostnað og vinnu sem tími þarf að vera til að ráðast í. Ekki verður betur séð en að staða heimilisúrgangs kalli á þennan mikla flýti.

Á ný vilja samtökin vara við flýtinum. Ef upp kemur óánægja með framkvæmd aðgerða er hætt við að þær verði erfiðar í útfærslu og framkvæmd. Tregðulögmálið er ekki aðeins kenning heldur sálfræðilegt fyrirbæri.

Í ljósi framangreinds leggja samtökin til að gildistöku aðgerðaanna verði hið minnsta frestað til 1. janúar 2022.



Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi



Samtök
iðnaðarins



Samtök
verslunar og
þjónustu

Skattalegar ívilnanir

Þó svo að samtökin telji að í ýmsu tilliti kunni að vera skynsamlegt að beita efnahagslegum hvötum í gegnum skattkerfið í þeim tilgangi að draga úr neikvæðum ytri áhrifum komast þau ekki hjá því að benda á að ýmsar hugmyndir um skattkerfisbreytingar sem koma fram í aðgerðum sem eru útlistaða bls. 66 og áfram munu skapa flækjur. Telja samtökin því ástæðu til að hvetja til þess að aðgerðirnar verði ekki bundnar um of við tekjuhlið fjárlaga.

Flokkun á upprunastað

Samtökin benda á að í fyrirliggjandi stefnudrögum er að finna tilvísun til flokkunar á byggingarúrgangi á *upprunastað*, sjá umfjöllun í kafla 3.4.4 þar sem m.a. er vísað til þess að til standi að lögfesta slíka flokkun á upprunastað.

Að gefnu tilefni benda samtökin á að í [drögum að breytingu á lögum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis, mál nr. 11/2021](#), var vikið frá slíkri flokkun enda var slík krafa umfram þær kröfur sem regluverk EES-samningsins gerir ráð fyrir. Telja samtökin þörf á að leiðrétta þessa umfjöllun í fyrirliggjandi drögum til samræmis við áður nefnda breytingu sem var gerð á frumvarpsdrögum.

Brennslumál

Hvað varðar umfjöllun um brennslumál fagna samtökin umfjöllun í kafla 3.4.8. Að mati samtakanna er mikilvægt að taka þessi mál til skoðunar með það að markmiði að koma hér upp aðstöðu til brennslu að teknu tilliti til þeirra breytinga og framfara sem orðið hafa í slíkri starfsemi. Er það mat samtakanna að endurbæta þarf og stækka núverandi brennslustöð eða byggja nýja til að uppfylla kröfur sem gerðar eru í dag til mengunarvarna og endurnýtingar og til að hafa örugga förgunarleið fyrir sértækan úrgang eins og spilliefni og sóttmengaðan úrgang.

Tilvísun til heimilda

Loks benda samtökin á að víða í fyrirliggjandi drögum er vísað til skýrslu Samtaka iðnaðarins um stöðu innviða, ástand þeirra og framtíðarhorfur, frá árinu 2017. Að gefnu tilefni áréttast að sú skýrsla var endurútgefin 18. febrúar sl. og hefur umfjöllun um innviði á sviði úrgangsmála því verið uppfærð. Í ljósi þessa er skorað á ráðuneytið að uppfæra umfjöllun sem er byggð á eldri skýrslu SI.

Að lokum

Samtökin benda á að styrkur atvinnulífsins felst meðal annars í öflugri nýsköpun, getu til að finna nýjar lausnir, þróa þær sem fyrir eru og leita jafnan hagkvæmustu leiða til að leysa verkefni sem eru á borði fyrirtækjanna hverju sinni. Þar skiptir miklu að samkeppni sé virk og að lögmál hennar séu nýtt. Það á við um söfnun, meðhöndlun, flokkun og endurvinnslu úrgangs. Það á hins vegar einnig við um hönnun og markaðssetningu vöru þannig að markmið hringrásarhagkerfisins náist. Samtökin sakna þess að þessum þáttum sé ekki gert sérstaklega hátt undir höfði í stefnu um meðhöndlun úrgangs.



Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi



Samtök
iðnaðarins



Samtök
verslunar og
þjónustu

Virðingarfyllt

f.h.

Samtaka atvinnulífsins, SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar, Samtaka iðnaðarins, SFS –
Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og SVP – Samtaka verslunar og þjónustu

Halldór Benjamín Þorbergsson
framkvæmastjóri SA

Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri SAF

Heiðrún Lind Marteinsdóttir
framkvæmdastjóri SFS

Sigurður Hannesson
framkvæmdastjóri SI

Andrés Magnússon
framkvæmastjóri SVP